

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um skil á upplýsingum (CRS) vegna tekjuársins 2025, sbr. reglugerð nr. 1240/2015.

Fjármálastofnanir sem tilkynningarskyldar eru skv. 1. og 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála, skulu skila upplýsingum vegna ársins 2025 um CRS tilkynningarskylda reikninga til Skattsins eigi síðar en 20. janúar 2026. Tilkynningar- og upplýsingaskyldan tekur til tilkynningarskyldra reikninga (innlánsreikninga, vörslureikninga, váttryggingarsamninga að tilteknu peningavirði og lífeyrissamninga auk eignarréttinda og skuldareignar í tilviki fjárfestingaraðila).

1. Þegar áreiðanleikakönnun skv. III. kafla reglugerðarinnar leiðir í ljós að reikningshafi, þ.e. einstaklingur eða lögaðili, sé tilkynningarskyldur aðili skal skila m.a. eftirfarandi upplýsingum:
 - a. Nafni, heimilisfangi og erlendri skattkennitölu sérhvers tilgreinds erlends reikningshafa (einstaklinga og lögaðila) sem á eða fer með tilkynningarskyldan reikning. Ef reikningshafi er lögaðili sem ekki telst vera erlendur en áreiðanleikakönnun skv. reglugerðinni leiðir í ljós að lögaðilinn hefur einn eða fleiri ráðandi aðila (*e. controlling person*), sem teljast erlendir aðilar, skal skila upplýsingum um nafn, heimilisfang og erlenda skattkennitölu þeirra, sbr. 40. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015.
 - b. Reikningsnúmeri eða ígildi þess.
 - c. Reikningsstöðu í árslok 2025. Hafi reikningi verið lokað á árinu 2025 skal tilkynna reikningsstöðu eða virði við lokun.
 - d. Mynt allra fjárhæða.
2. Til viðbótar við framangreindar upplýsingar skal einnig skila eftirfarandi upplýsingum:
 - a. Sé um innlánsreikninga að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra eða tekjufærðra vaxta á árinu 2025.
 - b. Sé um vörslureikning að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra vaxta, arðs og annarra tekna, þ.m.t. sölu- og gengishagnað, sem myndast hefur vegna ávöxtunar þeirra eigna sem viðkomandi vörslureikningur hefur að geyma og hafa verið færðar sem tekjur inn á reikninginn (eða með tilliti til reikningsins) á árinu 2025.
3. Sé reikningshafi óvirkur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun, sbr. 42. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, skal upplýsa um nöfn, heimilisföng og skattkennitölur tilkynningarskyldra stjórnandi aðila.
4. Tilkynningarskylda fjármálastofnana er óháð því hvort einhverjir reikningar hafi verið í eigu eða umráðum bandarískra aðila á almanaksárinu. Fylgja skal skilalýsingu upplýsingar um bandaríska eigendur og umráðamenn eftir því sem segir í auglýsingu þessari. Sé þeim ekki til að dreifa skal það staðfest eftir því sem við á og skilalýsing segir til um s.s. með núllfærslu í viðeigandi reiti.

Upplýsingunum skal skilað rafrænt samkvæmt lýsingu á vef Skattsins á slóðinni:
<https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/crs/>.

Allar fyrirspurnir um framangreind gagnaskil skal senda á netfangið: crs.fatca@skatturinn.is.

Auglýsing þessi er birt skv. 92. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 13. nóvember 2025.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 27. nóvember 2025